



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárhagslegar viðmiðanir, 312. mál.

Vísað er til birtingar frumvarps í þingskjali 348 til laga um fjárhagslegar viðmiðanir (312. mál) en beiðni um umsögn barst Arion banka hf. þann 20. nóvember síðastliðinn. Meðfylgjandi er umsögn bankans við frumvarpið eins og það stendur í dag.

Rýmri tímafrestur vegna frekari upplýsingaskyldu samkvæmt 15. gr.

15. gr. frumvarpsins varðar breytingar á lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignlán til neytenda með þeim hætti að lögð er frekari upplýsingaskylda á lánveitanda áður en lánsamningur er gerður. Arion banki telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við hina auknu upplýsingaskyldu sem slíka en gerir þó athugasemd við þann stutta frest sem gefinn er til að útfæra og innleiða hana.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar næstkomandi. Ekki verður hjá því komist að það muni taka töluverðan tíma að skilgreina öll þau viðmið sem notuð eru í fjárhagslegum samningum bankans og falla undir gildissvið frumvarpsins/viðmiðanareglugerðarinnar áður en hægt er að birta upplýsingarnar fyrir lántökum. Arion banki leggur því til að sá frestur sem er veittur verði töluvert rýmri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Athugasemd við a. lið 1. tölul. 15. gr. frumvarpsins, krafa um sérstakt skjal.

Í a. lið 1. tölul. 15. gr. frumvarpsins segir að upplýsingar um heiti viðmiðunarinnar, stjórnanda hennar og möguleg áhrif hennar á neytanda skuli veittar á sérstöku skjali sem má vera viðauki við staðlað eyðublað sem ráðherra birtir í reglugerð.

Arion banki gerir athugasemd við þann áskilnað að upplýsingarnar þurfi að vera veittar á sérstöku skjali. Lagt er til að heimilt verði að veita upplýsingarnar sem hluta af stöðluðu eyðublaði undir sérstökum kafla um fjárhagslegar viðmiðanir. Slík heimild myndi bæði einfalda innleiðingu og minnka líkur á mistökum ef upplýsingar þær sem lánveitanda ber að veita skv. 7. gr. laga um neytendalán geta allar verið í sama eyðublaði. Vakin er athygli á því að ef fallist er á að upplýsingar skv. framlögðu frumvarpi megi koma fram í stöðluðu eyðublaði þarf samhliða að uppfæra reglugerð nr. 270/2017 um fasteignalán til samræmis, sbr. viðauki I.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Lögfræðingur